

KIRKJUGARÐARÁÐ

24. fundur haldinn mánudaginn 8. nóvember 2004
kl. 14:00 í fundarherbergi á fjórðu hæð í Biskupsstofu.

Mætt voru: Þorvarður Karl Helgason biskupsritari stýrði fundi fyrir formann sem hafði boðað forföll. Aðrir fundarmenn voru Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson. Margrét Hallgrímsdóttir sat fundinn. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þorvarður Karl setti fund kl. 14:00.

1. Fundargerð síðasta fundar

Gerðar voru athugasemdir við fyrsta lið fundargerðar 23. fundar og var ákveðið að Þórsteinn sendi þær til fundarritara

2. Kynning á hugmyndum um nýja tekjuskiptingu til kirkjugarða

Þórsteinn hafði framsögu um gjaldalíkanið sem er tvíþætt. Annars vegar það sem heldur utan um gjöld frá ríki til Kirkjugarðaráðs og hins vegar gjaldalíkan sem heldur utan um útteilingu fjármagns til kirkjugarða landsins. Ríkislíkanið mun taka mið af fjárlögum 2004. Grafasvæði í umhirðu í árslok 2003 eru 1,242,657 m² og mun sú tala jafnframt vera höfð til hliðsjónar.

Útteilingalíkaninu er skipt niður í 10 flokka fyrir utan líkbrennslulið. Þórsteinn gerði grein fyrir greiðsluskiptingu milli flokka.

Guðmundur Rafn vinnur að því að láta mæla staðsetningu og stærð garðanna með GPS-tæki. Mun mælingum ljúka fyrir áramót. Kirkjugarðarnir fá greitt grafargjaldið þegar þeir hafa lokið við að senda jarðsetningaskýrslu. Valtýr taldi nauðsynlegt að senda bréf til allra sóknarnefnda þar sem forsendurnar fyrir greiðslunum eru útskýrðar rækilega.

3. Framtíðarskipan á starfi framkvæmdastjóra

Guðmundur Rafn lagði fram greinargerð um hlutverk framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs. Hann vakti athygli á miklu vinnuálagi framkvæmdastjóra, sem fer á hverju ári í ca 100 heimsóknir í kirkjugarða víða um land. Skrifstofuhaldið mun jafnframt aukast við að umsvif Kirkjugarðaráðs vegna styrkveitinga verða meiri. Framkvæmdastjóri óskaði eftir leyfi til að ráða aðstoðarmann.

Smári og Þórsteinn óskuðu eftir að fjárhagsáætlun vegna starfsins yrði lögð fyrir ráðið. Guðmundur Rafn gerir ráð fyrir að starfsmaðurinn yrði ráðinn í tímavinnu til að byrja með. Auk almennra starfa er gert ráð fyrir að starfsmaðurinn vinni að gerð heimasíðu og útbúi söguskilti o.fl.

4. Önnur mál

Rætt var um skiptingu greiðslna milli sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs vegna framkvæmda við kirkjugarða. Var ákveðið að Guðmundur Rafn sendi Valtý gögnin og hann færi yfir skiptinguna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:45.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín H. Sigurðardóttir, ritari